

**Ed.**

**207. Nefndarálit**

[98. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenskrar krónu.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd efri deildar varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Leggur minni hl. nefndarinnar til, að gengishagnaði þeim, sem myndast vegna landbúnaðarararurða, verði fyrst og fremst varið til þess að ná því marki, að bændur fái greitt hið skráða verð fyrir framleiðsluna.

Minni hl. landbúnaðarnefndar leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

**BREYTINGU:**

1. gr. orðist svo:

Fé það, er kemur vegna útfluttra landbúnaðararurða á reikning þann, sem um getur í 2. málsgr. 4. gr. laga frá 12. nóvember 1968, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu, skal nota til verðuppbóta á útfluttar landbúnaðararurðir, til viðbótar því fé, sem greitt er skv. 12. gr. laga nr. 101 1966, allt að því marki, að bændur fái greitt hið skráða verð fyrir framleiðsluna.

Landbúnaðarráðherra setur, að fenginni umsögn Framleiðsluráðs landbúnaðarins, nánari reglur um ráðstöfun fjárins.

Alþingi, 19. des. 1968.

Ásgeir Bjarnason,  
frsm.

Páll Þorsteinsson.

Karl Guðjónsson.